

Fimmtudaginn 22. nóvember 1990.

Nr. 178/1990. **Hörður h/f**

gegn

**Vátryggingafélagi Íslands h/f,
Iðnþróunarsjóði,
Iðnlánasjóði,
Íslandsbanka h/f,
Lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna
á Suðurnesjum,
Oliuverslun Íslands h/f,
Aco h/f, umboðs- og heildverslun,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
protabúi Hauks og Ólafs h/f,
Rafveri h/f og
Gjaldheimtu Suðurnesja.**

Áfrýjun. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Er mál þetta var tekið fyrir á reglulegu dómþingi Hæstaréttar 2. nóvember síðastliðinn, óskaði áfrýjandi eftir fresti til reglulegs þingdags í janúar 1991.

Stefndu Vátryggingafélag Íslands h/f, Iðnþróunarsjóður, Iðnlánasjóður, Íslandsbanki h/f, Aco h/f, umboðs og heildverslun, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs kröfðust þess, að áfrýjanda yrði synjað um umbeðinn frest. Af hálfu stefnda Íslandsbanka h/f var jafnframt ítrekuð krafa um, að máli þessu yrði vísað frá Hæstarétti og krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda. Í greinargerðum til Hæstaréttar hafa stefndu Iðnþróunarsjóður, Iðnlánasjóður og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs einnig krafist frávísunar málsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjunarstefna í máli þessu var tekin út 26. apríl 1990. Áfrýjað er „nauðungaruppboði þriðja og síðasta, sem fram fór í uppboðsrétti Njarðvíkur 18. október 1989 á fasteigninni Fitjabraut 3, Njarðvík, ásamt fylgifé“. Áfrýjunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð var þá liðinn.

Í áfrýjunarstefnu segir meðal annars: „Máli þessu var upphaflega áfrýjað með stefnu, útg. 5. febr. 1990, sem máli nr. 52/1990, en málið var ekki þingfest, þar sem áfrýjunarleyfið var gefið út á stjórnarformanninn, Ólaf Hörð Sigtryggsson, persónulega en ekki vegna Harðar h.f. Áfrýjunarstefna hafði verið tekin út og var stjórnarformaður þar talinn áfrýjandi málsins en ekki Hörður h.f.“ Er hér vitnað til áfrýjunarleyfis frá 8. janúar 1990, þar sem Ólafí Herði Sigtryggssyni er veitt „leyfi til þess að mega áfrýja til Hæstaréttar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppböð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, uppböði á húseigninni Fitjabraut 3, Njarðvík, ásamt fylgifé, þinglesinni eign Ólafs Harðar Sigtryggssonar, sem fram fór í uppböðsrétti Njarðvíkur 18. október 1989, þótt hinn lögboðni áfrýjunarfrestur sé liðinn“. Á grundvelli þessa áfrýjunarleyfis tók Ólafur Hörður Sigtryggsson 5. febrúar 1990 út áfrýjunarstefnu í eigin nafni til þingfestingar 2. apríl 1990. Er taka átti málið fyrir á dómþingi Hæstaréttar þann dag, var það ekki þingfest. Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 30. mars 1990, þar sem tekið er fram, að í beiðni um áfrýjunarleyfi komi fram, að þinglesinn eigandi húseignarinnar Fitjabrautar 3, Njarðvík, sé Hörður h/f, en Ólafur Hörður Sigtryggsson stjórnarformaður félagsins.

Framangreint áfrýjunarleyfi var samkvæmt þessu eigi í samræmi við beiðni um það og veitt stjórnarformanni áfrýjanda persónulega. Í stað þess að óska leiðréttingar við ráðuneytið tók stjórnarformaðurinn út áfrýjunarstefnu í eigin nafni og lét síðan þá áfrýjun niður falla, án þess að málið væri þingfest í Hæstarétti. Áfrýjunarleyfis vegna þessa máls hefur eigi verið aflað. Áfrýjunarheimild þessa máls, þar sem áfrýjandi er annar en í hinu fyrra, verður eigi sótt í 36. gr. laga nr. 75/1973. Ber samkvæmt því að vísa máli þessu frá Hæstarétti, og verður stefndu dæmdur málskostnaður svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að samkvæmt gögnum máls er ósannað, að áfrýjandi hafi pantað dómsgerðir fyrr en 10. ágúst 1990.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Hörður h/f, greiði stefndu Iðnþróunarsjóði, Iðnlánasjóði, Íslandsbanka h/f og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti hverjum að viðlagðri aðför að lögum.